

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt


Reykjavík 15. mars 2024

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð (Loftslags- og orkusjóður)

Landvernd leggst alfarið gegn því að sjóðirnir sem um ræðir verði sameinaðir. Hlutverk þeirra eru ólík sem og meðhöndlun umsókna. Landvernd hefur bent á að faglegri meðhöndlun er ábótavant þegar kemur að greiðslum úr orkusjóði en sú úthlutun sem hefur verið á höndum Rannís hefur verið til fyrirmyndar.

Þá vekur það sérstaka athygli samtakanna að hlutverk loftslagssjóðs eru ekki sameinuð að fullu en fræðslustarfsemi sjóðsins fellur út. Er það sérstaklega bagalegt í ljósi ríkjandi upplýsingaóreiðu um málaflokkinn. Að auki er um að ræða sameiningu með styrkjum til verkefna á sviði hringrásarhagkerfis án þess að til þess sé vísað með neinum hætti í heiti sjóðsins og er hætt við að málaflokkurinn týnist.

Loftslagsmál eru allt umlykjandi en losun Íslands er mun umfangsmeiri heldur en orkumál eingöngu og því ekki til hæfis að sameina þessa sjóði sérstaklega frekar en að sameina loftslagssjóð við landbúnaðarstyrki. Sjá graf frá Umhverfisstofnun:



Með vinsemd og virðingu

Þorgerður María Þorbjarnardóttir